

7. gr.

Tryggingaráð ákvarðar fjárhæðir viðmiðunartekna ár hvert.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 og staðfestast hér með til þess að öðlast gildi 1. júlí 1992 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Við gildistöku reglna þessara falla úr gildi reglur um úthlutun örorkustyrkja nr. 116/1974 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. september 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Ytri-Torfustaðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir og byggingar á Laugarbakka í Ytri-Torfustaðahreppi (vegna lagningar bundins slitlags, gangstétta og tilheyrandi lagna í því sambandi), eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, að frádrögnum kostnaði við gatnagerð, sem hér segir:

Einbýlishús	3%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2%
Opinberar byggingar	2%
Iðnaðar- og geymsluhúsnæði	1,5%

Auk þess skulu lóðarhafar greiða kr. 100 af hverjum fermetra lóðar, en fyrir lóð íbúðarhúsa skal þó aldrei greiða meira en fyrir 500 fermetra.

Rúmmál húss skal reikna samkvæmt ákvæðum íslensks staðals og samþykktum uppdrætti. Bílgeymslur og önnur úthýsi skal reikna með í rúmmáli húss.

Greiðsla gjaldsins skal miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins eins og hann er á greiðsludegi eða við gerð greiðslusamnings.

3. gr.

Gatnagerðargjald fellur í gjalddaga þegar lagningu bundins slitlags lýkur á götu eða götuhluta. Heimilt er gjaldanda að semja um greiðslu $\frac{1}{2}$ hluta gjaldsins með fjórum jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert. Skal sá hluti gjaldsins bundinn lánskjaravísitölu og bera vexti sambærilega útlánsvöxtum banka og sparisjóða.

Heimilt er hreppsnefnd að veita staðgreiðsluafslátt allt að 5%.

Hafi ekki verið endanlega gengið frá lagningu gangstéttar samtímis lagningu bundins slitlags er gjaldanda heimilt að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur endanlega verið lögð.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús eða flytur það af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal gjald skv. 2. grein vera rúmmetragjald nýja hússins að fráðregnum rúmmetrum þess húss sem fjarlægð er. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð.

EKKI verður gatnagerðargjald endurgreitt ef byggt er minna hús í stað þess er fyrir var á lóð.

5. gr.

Vegna nýbygginga á áður óbyggðum lóðum skal greiða 50% áætlaðs gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingarleyfi er veitt, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð.

6. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi að upphæð sömu krónutölu og hann hafði greitt. Heimilt er hreppsnefnd að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Skal þá greiða lóðarhafa meðaltals innlánsvexti samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands frá því lóðinni var skilað.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign, og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta álagningu gatnagerðargjalds að hluta eða öllu leyti ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- eða örorkulífeyrisþega, sem litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið er af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá. Skilyrði fyrir frestun álagningar er að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar samkvæmt þágildandi gjaldskrá við eigendaskipti eða þær aðstæður sem áður er lýst breytast.

Hreppsnefnd sker úr um ágreining er kann að rísa um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt samþykkt þessari.

9. gr.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt 1. og 3. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld og staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línadal.